

**ÁLITSGERÐ FJÁRMÁLARÁÐS UM TILLÖGU TIL
ÞINGSÁLYKTUNAR UM FJÁRMÁLASTEÐFNU FYRIR ÁRIN
2026-2030**

Fjármálaráð 14. álitserð
9. apríl 2025

Gunnar Haraldsson
Arna Olafsson
Þórunn Helgadóttir

Aðfaraorð

Fjármálaráð starfar skv. 13. gr. laga um opinber fjármál nr. 123/2015. Formaður fjármálaráðs er Gunnar Haraldsson, en auk hans eru aðalmenn í ráðinu þau Arna Olafsson og Þórunn Helgadóttir.

Gunnar Haraldsson lauk doktorsprófi í hagfræði við Université Toulouse 1 og hefur verið formaður fjármálaráðs frá upphafi.

Arna Olafsson lauk doktorsprófi í hagfræði við Stockholm School of Economics árið 2014 og starfar sem dósent í fjármálahagfræði við Copenhagen Business School.

Þórunn Helgadóttir lauk meistaraþrófi í hagfræði frá Barcelona School of Economics með áherslu á þjóðhagfræði og fjármálamarkaði.

Til vara er skipuð Elísabet Kemp Stefánsdóttir, hagfræðingur.

Efnisyfirlit

Inngangur	4
1 Hringrás stefnumörkunar	5
2 Stefnumörkun í nýrri lagaumgjörð	6
Framsetning fjármálastefnu	8
3 Efnahagslegar forsendur og úrlausnarefni	9
Skuldastaða hins opinbera	11
4 Niðurlag	12

Inngangur

Frá því að lög nr. 123/2005 um opinber fjármál tóku gildi hefur fjármálaráð birt átta álitsgerðir um fjármálaáætlanir og fimm um fjármálastefnur. Hér birtist álitsgerð fjármálaráðs um þingsályktunartillögu um fjármálastefnu fyrir árin 2026-2030 sem lögð var fram á 156. löggjafarþingi þann 26. mars sl.

Nýrri ríkisstjórn ber, lögum samkvæmt, að leggja fram fjármálastefnu við upphaf starfstíma síns. Þar skal birta stefnumörkun stjórnvalda til fimm ára, hið minnsta.

Þessi álitsgerð er sú sjötta sem fjármálaráð ritar um fjármálastefnu stjórnvalda frá því að það hóf starfsemi sína. Þar af voru tvær álitsgerðir um endurskoðaða fjármálastefnu fyrir árin 2018-2022.

Lög um opinber fjármál kveða á um að ályktun Alþingis um fjármálastefnu skuli liggja til grundvallar við gerð fjármálaáætlunar sem lögð er fyrir Alþingi ár hvert. Þegar fjármálastefna og fjármálaáætlun eru lagðar fram með einungis nokkurra daga millibili er þetta skilyrði ekki uppfyllt.

Í þessu áliti er fyrst fjallað um hringrás stefnumörkunar opinberra fjármála og hvernig stefnur styðja við áætlanir. Þá er umfjöllun um breytingar sem eru boðaðar í stefnumörkun og framkvæmd hennar. Síðan er fjallað um efnahagslegar forsendur og úrlausnarefni. Loks er vikið að skuldum hins opinbera og helstu niðurstöður dregnar saman.


1 Hringrás stefnumörkunar

Lög um opinber fjármál kveða á um að eftir myndun ríkisstjórnar skuli leggja fram fjármálastefnu eins fljótt og auðið er. Fjármálastefnan er til minnst fimm ára og þar birtast markmið stjórnvalda um afkomu og fjárhag hins opinbera. Stefnan leggur þannig grunn að fjármálaáætlun þar sem fram kemur nánari útfærsla á því hvernig ríkisstjórnin hyggst framfylgja fjármálastefnunni. Þá liggur fjármálaáætlun til grundvallar fjárlögum þar sem framkvæmdin sjálf birtist.

Fjármálaráð hefur áður gert hringrás stefnumörkunar að umfjöllunarefni sínu en í ljósi þess að fjármálastefna var lögð fram fáeinum dögum á undan fjármálaáætlun er ástæða til að rifja hana upp.

Mynd 1 lýsir því hvernig hringrásin hefst á fjármálastefnu sem er mótuð í samræmi við efnahagsforsendur. Út frá stefnunni er svo fjármálaáætlun lögð fram og loks fjárlögin. Fjármálaráð veitir eingöngu álit á fjármálastefnu og fjármálaáætlun.

Mynd 1: Hringrás í lögum um opinber fjármál og aðkoma fjármálaráðs



Tímasetning síðustu kosninga gerði það að verkum að ný ríkisstjórn hafði skamman tíma til að móta fjármálastefnu og leggja hana fram á undan fjármálaáætlun. Slíkt ferli tekur óhjákvæmilega tíma og huga þarf að gæðum stefnunnar samhliða því að fylgja formi sem lögin kveða á um.

Það er engu að síður óheppilegt að fjármálastefna sé lögð fram samhliða fjármálaáætlun. Fjármálastefnan á að standa sjálfstæð og leggja grunn að öðrum þáttum stefnumörkunar í opinberum fjármálum. Til þess að stefnan geti þjónað því hlutverki þarf hún að vera lögð fram og afgreidd af hálfu þingsins áður en fjármálaáætlun er lögð fram.

Að fjármálastefna og fjármálaáætlun liggi nú samtímis fyrir Alþingi rýrir trúverðugleika stefnunnar þar sem hún getur ekki uppfyllt það akkerishlutverk sem henni ber. Í framlagðri fjármálastefnu er fjallað um hagræðingaraðgerðir og forgangsroðun verkefna en slíkt ætti að birtast í fjármálaáætlun. Hlutverk fjármálaáætlunar er að útlista hvaða aðferðum verði beitt til þess að ná fram settum markmiðum fjármálastefnu. Fjármálaráð mun því fjalla um aðgerðir til hagræðingar og forgangsroðun verkefna í álitsgerð sinni um framlagða fjármálaáætlun.

Þá hafa stjórnvöld boðað breytingar varðandi veigamikla þætti, s.s. stöðugleikareglu og afnám skuldalækkunarreglu í núverandi mynd. Vert er að benda á að slíkar breytingar kalla jafnframt á breytingar varðandi verkefni fjármálaráðs. Þannig er ráðinu ætlað að rýna fyrrnefnda stöðugleikareglu, m.t.t. þess i) hvort áætlanir samræmist stöðugleikareglu, ii) hvort forsendur fyrir hámarki raunvaxtar útgjalda séu raunhæfar, iii) hvort undanskildir útgjaldaliðir séu viðeigandi og iv) hvort áætlanir stjórnvalda um skuldaþróun, þegar skuldir eru yfir 30% af vergri landsframleiðslu, virðast geta uppfyllt skilyrðið innan ásættanlegs tíma.


Þessi álitsgerð fjármálaráðs á framlagðri þingsályktunartillögu um fjármálastefnu ber þess merki að þingsályktunartillaga um fjármálaáætlun fyrir sama tímabil hefur þegar verið lögð fram. Þannig eru ýmis atriði sem áður hefðu fengið veigameiri umfjöllun í þessu álitu flutt yfir í umfjöllun ráðsins um framlagða áætlun.

2 Stefnumörkun í nýrri lagaumgjörð

Sú fjármálastefna sem hér er til umfjöllunar inniber nýmæli þar sem boðaðar eru veigamiklar breytingar í stefnumörkuninni og framkvæmd hennar.

Í stað afkomureglu er boðuð upptaka útgjaldareglu sem nefnd er stöðugleikaregla. Fjármálaráð hefur talað fyrir upptöku slíkrar reglu í fjölmörgum fyrri álitum þar sem líkur á að sjálfvirkir sveiflujafnarar geti unnið sitt verk eru meiri þegar stuðst er við útgjaldareglu en afkomureglu. Þannig styður upptaka slíkrar reglu við grunngildi um varfærni fjármálastefnunnar. Vaxandi fjöldi þróaðra ríkja hefur tekið upp útgjaldareglu á síðastliðnum áratugum líkt og mynd 2 sýnir. Þar á meðal eru Bandaríkin og ríki Evrópusambandsins.

Mynd 2: Fjöldi þróaðra ríkja með útgjaldareglu



Heimild: Alþjóðagjaldeyrissjóðurinn

Jafnframt eru töluleg skilyrði skuldalækkunarreglu afnumin og stjórnvöldum þess í stað gert að setja fram skuldaþróunaráætlun á grundvelli greiningar fyrir bæði A1-hluta ríkissjóðs og A-hluta sveitarfélaga þegar skuldir eru umfram hámark skv. skuldareglu. Þá er fjármálaráði falið að leggja mat á það hvort skuldaþróunaráætlun virðist geta uppfyllt skuldareglu innan ásættanlegs tíma, þ.e. hvort skuldaþróunaráætlun og þær greiningar sem liggja henni að baki séu trúverðugar.

Í stjórnámálum er algengt að þó samkomulag ríki um óbindandi reglu þá er oft freistandi að víkja frá markmiðum hennar þegar kemur að framkvæmd. Þetta er vandinn við boðaðar breytingar á lögum um opinber fjármál sem kveða á um að stjórnvöld leggi fram skuldaþróunaráætlun sem tryggi að skuldahlutfall komist undir lögbundið hámark innan ásættanlegs tíma. Hætta er á að ásættanlegur tími verði aðeins dauður bókstafur sakir fyrrnefndrar tilhneigingar stjórnvalda.

Fjármálaráð hefur oft varað við því að stjórnvöld festi sig í þökum og gólfum tölusettra skilyrða laga um opinber fjármál. Þessi varnaðarorð eiga enn við enda þótt útgjaldaregla komi nú í stað afkomureglu. Ef svigrúm til útgjaldaaukningar er aukið í djúpum niðursveiflum, en tveggja prósentu raunaukning útgjalda er fullnýtt utan þeirra, verður erfitt að greiða niður skuldir til að takast á við síðari efnahagsáföll sem munu óhjákvæmilega eiga sér stað. Það er því lykilatriði að tveggja prósentu hámarkið sé álitid hámark en ekki markmið og ætti markmið stjórnvalda um raunvöxt útgjalda hverju sinni að vera vel undir því.

Reynslan erlendis frá hefur sýnt að ef hægt er að brjóta fjármálareglur án afleiðinga hefur almennt reynst erfitt að fá stjórnvöld til að líta á tölusett skilyrði sem hámark og lágmörk. Tölusett skilyrði eiga það því til að vera ekki nægilega bindandi. Innbyggðir hvatar við framkvæmd útgjaldareglna hafa gefið góða raun og tryggt að hámark útgjaldavaxtar sé meðhöndlað sem hámark þar sem stjórnvöld þurfa að jafna útgjöld umfram heimildir strax á næsta fjárlagaári. Þau þurfa því að finna rými fyrir öll útgjöld umfram heimildir í fjármálaáætlun næsta árs. Fjármálaráð telur að stjórnvöld mættu skoða kosti slíks fyrirkomulags til að tryggja hámark útgjaldavaxtar sé meðhöndlað sem hámark.

Til þess að útgjaldaregla í ríkisfjármálum virki þarf hún bæði að vera ströng, þ.e. að einungis séu fáir vel skilgreindir útgjaldaliðir sem reglan nær ekki til, og bindandi en á sama tíma þarf hún að gefa nægilegt svigrúm til að hægt sé að bregðast við ytri þróun með viðeigandi hætti. Útgjaldaregla þar sem frávik frá reglunni er flutt á milli ára myndi tryggja slíkan sveigjanleika. Boðuð stöðugleikaregla felur nú þegar í sér undanþáguákvæði þar sem í meiriháttar og óvenjulegum aðstæðum sem stjórnvöld ráða ekki við (t.d. heimsfaraldur eða náttúruhamfarir) er hægt að víkja frá reglunni og stofna til óvenjulegra útgjalda. Með því að gera regluna bindandi þyrfti því að jafna slík óvenjuleg útgjöld á næstu árum ef ekki er hægt að standa undir þeim með uppsöfnuðum heimildum fyrri ára. Þannig mætti koma í veg fyrir ótilhlýðilega notkun undanþágunnar og tryggja að jöfnuður náist að meðaltali.

Þá er vert að velta fyrir sér hvort reglan sé nægjanlega ströng, þ.e. hvort að nægjanlega sterk rök séu fyrir að undanskilja alla þá útgjaldaliði sem eru undanskildar reglunni skv. þingsályktunartillögu um breytingar á lögum um opinber fjármál. Erfitt er að færa rök fyrir því að öll áföll sem rekja meg til náttúruhamfara eigi að undanskilja reglunni. Ísland er land þar sem veður eru válynd, jörð skelfur og eldfjöll gjósa títt og að einhverju marki ættu stjórnvöld að gera ráð fyrir slíku í áætlunum sínum. Meginreglan er sú að aðeins ætti að undanskilja þau útgjöld sem torvela sjálfvirkum sveiflujöfnurum að vinna sitt verk. Með öðrum orðum, undanskildir liðir ættu aðeins að vera hagsveifludrifnir eða áföll sem snúa að stóráföllum eins og heimsfaraldri eða meiri háttar náttúruhamförum. Góð rök eru fyrir því að undanskilja slíka liði til að tryggja festu í stefnunni og framkvæmd hennar. Ákvæði um að auka meg við útgjöld ef slík útgjaldaaukning er fjármögnuð með aukinni skattheimtu leyfir svo stjórnvöldum að hafa áhrif á umfang hins opinbera til samræmis við pólitískan vilja þeirra og stefnumörkun.

Það tölulega viðmið sem stöðugleikareglan miðar við er 2% raunvöxtur á ári, sem er nálægt meðaltalsvexti hagkerfisins yfir lengri tímabil. Ef haldið er rétt á spilunum má búast við aukinni framleiðni í opinberum rekstri sem og annars staðar í hagkerfinu. Það verður því tæpast litið svo á að um mjög strangt skilyrði sé að ræða.

Framsetning fjármálastefnu

Þingsályktunartillaga um breytingar á lögum um opinber fjármál hefur ekki hlotið samþykki Alþingi. Framsetning stefnumiða varðandi opinber fjármál í framlagðri fjármálastefnu er hefðbundin, þ.e. sem hlutföll af vergri landsframleiðslu. Jafnframt er fjallað um hvaða útgjaldavöxt og skuldaþróunaráætlun, sem breytt lög kveða á um, stefnan felur í sér. Álitserð þessi, líkt og fjármálastefnan sjálf, lítur því bæði að þeim markmiðum sem núverandi


lög ná yfir sem og þeim markmiðum og forsendum sem ný lög kveða á um að fjármálaráð skuli rýna.

Í fjármálastefnu er lítið sem ekkert fjallað um sveitarfélögin sérstaklega heldur einblínt á hið opinbera í heild. Í þessari álitsgerð fjármálaráðs um fjármálastefnuna mun því ekki fjalla um stefnumörkun í fjármálum sveitarfélög sérstaklega.

3 Efnahagslegar forsendur og úrlausnarefni

Sjaldan hefur ríkt jafn mikil óvissa varðandi efnahagsframvindu næstu ára. Í slíku umhverfi verður spágerð óáreiðanlegri en þjóðhagslíkön bregðast við mikilli óvissu um framtíðina með því að spá einfaldlega jafnvægisgildi eða meðaltali hagstærða. Hagspá Hagstofu Íslands ber þess merki þar sem spáð er meðaltali flestra stærða og því óráðlegt að stefnumörkun miði að því að slík spá gangi nákvæmlega eftir frá ári til árs. Mynd 3 sýnir hvernig hagvaxtarspá sem fjármálastefna byggir á er nálægt sögulegu meðaltali.

Mynd 3: Sögulegur hagvöxtur, þjóðhagsspá og meðaltal hagvaxtar




Heimild: Hagstofa Íslands

Blikur eru á lofti í alþjóðamálum og boðaðar hömlur á alþjóðaviðskipti vegna tolla sem og stríðsátaka geta dregið úr hagvexti hér á landi sem og annars staðar. Auk þess er hættu á að vextir haldist hærri en gert hefur verið ráð fyrir í flestum hagspám sem gerðar voru áður en tollastríð stærstu viðskiptablokka heimsins hófst. Þá setja lýðfræðilegar breytingar einnig þrýsting á hagvöxt á komandi árum. Aldurssamsetning þjóðarinnar breytist nú ört og fólk lifir stöðugt lengur. Byrðar vegna öldrunar munu því aukast á komandi árum en sýnt hefur verið fram á að almennt dragi hlutfallsleg aukning aldraðra og fækkun fólks á vinnualdri úr hagvexti.

Fjármálastefnan þarf að rúma svo fyrirsjáanlegar breytingar í stað þess að gera ráð fyrir óbreyttu ástandi.

Verðlag ríkisútgjalda á Íslandi hækkar iðulega meira en almennt verðlag í hagkerfinu og frá 2020 hefur hið opinbera einnig verið leiðandi í launaþróun líkt og sjá má af mynd 4. Þetta er óákjósanlegt þar sem verðlag ríkisútgjalda endurspeglar í raun áhrif aukinna ríkisútgjalda á þenslu. Ríkisútgjöld við þessar aðstæður eru þannig leiðandi þáttur í verðbólguþróun sem gæti hugsanlega skýrt að hluta hvers vegna verðbólga hér á landi hefur reynst eins þrálát og raun ber vitni. Það væri æskilegt að stjórnvöld myndu fara í aðgerðir sem miðuðu að því snúa þessari þróun við. Hér gæti t.a.m. aukin notkun tæknilausna dregið úr vinnuafspörf hins opinbera og um leið dregið úr þrýstingi á launamarkaði. Fjármálaráð beinir því til stjórnvalda að skoða hvort ekki megi nýta t.d. gervigreind og frekari stafræna þróun til að draga úr vægi verðlags ríkisútgjalda í almennu verðlagi.

Mynd 4: Launavísitala á almennum og opinberum vinnumarkaði



Heimild: Hagstofa Íslands

Hvernig hægt er að tryggja sjálfbæran hagvöxt til lengri tíma er ein mikilvægasta áskorun hagstjórnarinnar og ætti að vera umhugsunarefni stjórnvalda. Aukning í framleiðni krefst fjárfestinga og betri nýtingar fjármagns og vinnuafls. Líkt og fjármálaráð hefur ítrekað bent á í álitum sínum eru útgjöld ekki góður mælikvarði á árangur í rekstri hins opinbera. Sem dæmi má nefna að grunnskólakerfið á Íslandi er dýrt en skilar litlu þegar litið er til námsárangurs eins og hann er mældur í alþjóðlegum samanburði.

Þá vekur það sérstaka athygli að útgjöld hins opinbera eru áfram hærri sem hlutfall af vergri landsframleiðslu en þau voru fyrir Covid-19 faraldurinn. Þrátt fyrir að gert sé ráð fyrir að þau muni lækka sem hlutfall af VLF er það enn mjög hátt í alþjóðlegu samhengi og þá sérstaklega

ef tekið er tillit til lægri útgjalda vegna lífeyrisskuldbindinga hér á landi en víðast hvar erlendis. Öðrum þjóðum tókst að draga nánast samstundis úr þeim útgjöldum sem uxu á tímabili heimsfaraldursins. Gera mætti grein fyrir því hvernig á þessu stendur.

Skuldastaða hins opinbera

Framlögð stefna felur í sér að afkoma hins opinbera sem hlutfall af VLF muni batna og skuldir hins opinbera sem hlutfall af VLF muni lækka þar sem raunvöxtur útgjalda verði minni en vöxtur vergrar landsframleiðslu. Með öðrum orðum, bætt afkomu- og skuldaviðmið eiga að nást í gegnum nefnara þessara viðmiða þar sem gengið er út frá því að hagkerfið muni vaxa að raunvirði. Eins og kom fram hér á undan ríkir óvenju mikil óvissa um hagvöxt og stjórnvöld hafa lítil bein áhrif á hann til skamms tíma. Stjórnvöld hafa aftur á móti bein áhrif á teljarann, þ.e. ríkisútgjöldin sjálf, og því ríkir minni óvissa um þá stærð. Það væri því varfærnara og trúverðugra ef stefnan miðaði að því að bæta afkomu- og skuldaviðmið með minni aukningu eða samdrætti ríkisútgjalda í stað þess að treysta á hagvöxt.

Samkvæmt framlagðri fjármálastefnu helst skuldahlutfallið nokkuð stöðugt framan af tímabili fjármálastefnunnar en undir lok hennar, þ.e. á næsta kjörtímabili, er áætlað að það taki að lækka hraðar samhliða batnandi afkomu. Þá er því bætt við að haldi áætluð jákvæð afkoma ársins 2030 áfram næstu ár á eftir megi gera ráð fyrir að skuldamarkmiðið náist árið 2037, eftir 13 ár.

Ef lækkun skuldahlutfalls er framreiknað miðað við meðaltalslækkun á tíma stefnunnar næst skuldamarkmiðið í kringum árið 2050. Samkvæmt stefnunni kæmi það því í hlut næstu ríkisstjórnar á eftir þessari að hraða skuldalækkunarferlinu eigi skuldamarkmiðið að nást árið 2037. Það dregur úr trúverðugleika skuldaþróunaráætlunar stjórnvalda að afkomubatin sé svo afturhlaðinn.

Í stefnunni kemur fram skuldaþróunaráætlun fyrir hið opinbera eigi að fylgja þeirri meginstefnu að andvirði af sölu ríkiseigna verði ráðstafað til niðurgreiðslu skulda. Þetta orðalag er ansi veikt og gefur stjórnvöldum of mikið færi á að ráðstafa söluandvirði ríkiseigna til annarra verkefna.

4 Niðurlag

Það álit sem hér birtist um framlagða fjármálastefnu til áranna 2026-2030 ber þess merki að þegar hefur verið lögð fram fjármálaáætlun þótt stefnan hafi ekki enn fengið þinglega meðferð. Af þeim sökum eru ýmis umfjöllunarefni sem að öðru óbreyttu hefðu hlotið umfjöllun hér að finna í álit fjármálaráðs um framlagða fjármálaáætlun til sömu ára.

Sú staðreynd að þegar hafi verið lögð fram þingsályktunartillaga um fjármálaáætlun 2026-2030 sem byggja skal á framlagðri stefnu til sömu ára, sem ekki hefur hlotið þinglega meðferð, rýrir trúverðugleika stefnumörkunarinnar. Ástæðan er sú að við þessar aðstæður er fjármálastefnan tæpast það akkeri áætlanna sem gert er ráð fyrir í hringrás stefnumótunarinnar eins og hún birtist í lögum um opinber fjármál.

Þá eru boðuð veigamikil nýmæli, s.s. útgjaldaregla sem ber heitið stöðugleikaregla auk þess sem eldri skuldalækkunarregla laganna er afnumin.

Fjármálaráð fagnar því að tekin skuli vera upp útgjaldaregla sem, sé henni beitt skynsamlega, ætti að hjálpa sjálfvirkum sveiflujöfnurum á tekju- og gjaldahlið hins opinbera að vinna sitt verk. Hér þarf að tryggja að útgjaldareglan sé bæði nægilega ströng og bindandi fyrir stjórnvöld. Þannig ber að varast að líta til hámarks raunútgjaldavaxtar upp á 2% sem sérstakt markmið heldur sem hámark.

Mikil óvissa ríkir um þróun efnahagsmála á tímabili framlagðrar stefnu. Þessi óvissa endurspeglast í þeirri hagspá sem stefnan byggir á þar sem gert er ráð fyrir að flestar meiriháttar hagstærðir þróist í kringum meðaltal þeirra á síðustu árum og áratugum. Það verður að teljast skynsamlegt á tímum sem þessum.

Stjórnvöld mættu huga að því hvers vegna umfang opinberra útgjalda sem hlutfall af vergri landsframleiðslu hefur haldist jafn hátt og raun ber vitni þrátt fyrir að neikvæðra áhrifa af Covid-19 faraldrinum ætti að vera lokið. Sérstaklega er þetta áhugavert í alþjóðlegu samhengi.

Í framlagðri stefnu er gert ráð fyrir að skuldir umfram 30% af vergri landsframleiðslu muni fara lækkandi á næstu árum. Meginþungi skuldalækkunarinnar mun þó eiga sér stað á seinni hluta þess tímabils sem stefnan nær til. Í þessu samhengi er vert að gæta að því að gert er ráð fyrir því að skuldalækkunin muni að miklu leyti eiga sér stað með þeim hætti að hagkerfið vaxi hraðar en skuldirnar. Slíkt kallar á efnahagsstefnu sem tryggir sjálfbæran hagvöxt en það verður best gert með skynsamlegri nýtingu fjármuna og aukinni framleiðni í hagkerfinu. Reynslan hefur sýnt að aukin útgjöld til málaflokka er ekki trygging fyrir betri þjónustu. Til að tryggja gagnsæi og sjálfbærni í framlagðri fjármálastefnu þyrfti að fjalla um hvernig hún styður við markmið um aukinn hagvöxt og framleiðnivöxt.

Fjármálaráð staðfestir að það telur að gangi forsendur og framkvæmd framlagðrar fjármálastefnu eftir muni lækkun skuldahlutfalls uppfylla skilyrði laga um opinber fjármál.